

## Erindisbréf fyrir menningar-, íþróttá- og frístundanevnd

### *Almennt*

#### 1. gr.

Undir yfirstjórn bæjarstjórnar fer menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar með menningar-, íþróttá- og frístundamál eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum og í erindisbréfi þessu.

### *Skipan nefndar, kjörtímabil og trúnaðarskylda*

#### 2. gr.

Menningar-, íþróttá- og frístundanevnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn. Kjörtímabil nefndarinnar er það sama og bæjarstjórnar. Nefndin skal halda gerðabók og skulu fundargerðir hennar sendar bæjarstjórn til staðfestingar. Fulltrúar í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd skulu gæta þagmælsku um einkamálefni fólks sem fjallað er um á fundum nefndarinnar. Fulltrúi skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum sem fjallað er um í nefndinni eins og leiðbeint er um í 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

### *Fundarhöld*

#### 3. gr.

Menningar-, íþróttá- og frístundanevnd skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en sex sinnum á ári. Menningar- og frístundafulltrúi skal boða fundi í nefndinni í samráði við formann hennar.

### *Hlutverk*

#### 4. gr.

Hlutverk menningar-, íþróttá- og frístundanevndar er:

-að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnumótun í menningar-, íþróttá- og frístundamálum og hafa eftirlit með að stefnu bæjaryfirvalda á hverjum tíma sé framfylgt.

-að vinna að eflingu menningar, íþróttá, félagslífs, heilbrigðrar tómstundaiðju og almennrar heilsueflingar í Hveragerði og stuðla að samvinnu við þá aðila sem um slík mál fjalla.

-að hafa eftirlit með stofnunum, sem vinna að menningar- og frístundamálum, og fylgjast með að þær vinni að settum markmiðum, í samræmi við lög og veiti góða þjónustu.

-að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins í menningar- og frístundamálum og að fjalla um þau erindi sem berast vegna þjónustunnar.

-að gera tillögur að fjárhagsáætlun til bæjarstjórnar, um þá liði hennar sem falla undir verksvið nefndarinnar, í samvinnu við viðkomandi forstöðumenn.

-að fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir.

-að vera bæjarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis í menningar-, íþrótt- og frístundamálum.

### *Verkefni*

#### *5. gr.*

Verkefni menningar-, íþrótt- og frístundanevndar eru:

-að hafa umsjón með framgangi hver kyns menningar-, íþrótt- og frístundastarfsemi og hafa um það samstarf við félög, stofnanir og hópa sem starfa á því sviði bæði innanbæjar, á Suðurlandi og á landsvísu.

- að fara með stjórn bókasafns í umboði bæjarstjórnar. Starfað skal skv. lögum nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn.

-að gera tillögur og veita umsagnir til bæjarstjórnar um styrkveitingar úr bæjarsjóði til menningar- og íþróttamála á vegum einstaklinga, sjálfstæðra félaga, stofnana og hópa.

-að beita sér fyrir samvinnu menningarstofnana í Hveragerði og við önnur byggðarlög eftir því sem nefndin ákveður hverju sinni.

-að hafa tiltækar sem gleggstar upplýsingar um menningar-, íþrótt- og frístundamál í Hveragerði.

-að hafa yfirumsjón með viðburðum ss. Sumardeginum fyrsta, 17. júní, Blómstrandi dögum og öðrum viðburðum.

-að stuðla að aukinni íþróttaiðkun barna- og ungmenna og hvetja til þess að boðið sé upp á íþróttatengda viðburði í bæjarfélaginu.

-að annast skipulagningu og starfsemi félagsmiðstöðvar.

- að hafa yfirumsjón með leikjanámskeiði yngstu barna í Hveragerði og gæsluvelli.

-að hafa yfirumsjón sem starfsemi Varmahlíðarhúss, úthlutun þess og starfsemi.

-að móta stefnu og skipuleggja forvarnarstarf innan sveitarfélagsins.

-að hafa umsjón með útgefnu kynningarefni vegna málaflokksins.

-að kalla eftir ársreikningum félagasamtaka, sem njóta styrkja úr bæjarsjóði.

-að vinna að öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur nefndinni á hverjum tíma.

### *Fundargerðir og ákvarðanir*

#### *6. gr*

Menningar- og frístundafulltrúi situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er ráðgjafi nefndarinnar og sér um ritun fundargerða, nema nefndin ákveði annað og sendir afrit fundargerða til bæjarstjórnar. Hann undirbýr fundi í samstarfi við formann og framkvæmir ákvarðanir nefndarinnar eftir að bæjarstjórn hefur staðfest þær.

*Ályktanir og fjárveiting*

7. gr.

Ályktanir menningar-, íþróttá- og frístundanevndar, sem hafa önnur fjárútlát í för með sér en tilgreind eru í fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar skulu hljóta samþykki bæjarstjórnar

*Upplýsingaskylda, fjárreiður og aðrar samþykktir*

8. gr.

Menningar-, íþróttá- og frístundanevnd skal upplýst um framkvæmd þeirra liða fjárhagsáætlunar sem undir verksvið nevndarinnar fellur svo og stofnunum og eignum sem bæjarstjórn felur nevndinni að fjalla um.

Forstöðumenn bera ábyrgð á rekstri stofnana sem heyra undir nevndina og starfsfólk bæjarskrifstofu annast fjárreiður og reikningshald.

Menningar-, íþróttá- og frístundanevnd skal að öðru leyti starfa á grundvelli samþykpta um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar og sveitarstjórnarlaga.

*Önnur ákvæði og meðferð mála*

9. gr.

Séu ákvæði í lögum, samþykktum bæjarins eða samstarfssamningum um seturétt aðila utan nevndarinnar, þegar um mál þeim tengd er fjallað, skal þess gætt að þau ákvæði séu uppfyllt.

Nevndin skal ávallt gæta ákvæða stjórnsýslulaga við meðferð mála.

Hveragerði 13. september 2018

  
Aldís Hafsteinsdóttir  
Bæjarstjóri

